

16.e

8.
(7.) **Fundargerð**
fundur rekstrarstjórnar félagsheimilanna í
Flóahreppi kjörtímabilið 2014-2018.

Fundarstaður: Félagslundur.

Fundardagur: Þriðjudagur 24. mars 2015.

Fundartími: 20:30-23:15

Fundarmenn: Stefán Geirsson, Rósa Matthíasdóttir, Veronika Narfadóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Reynir Jónsson og Anný Ingimarsdóttir, Rúnar Magnússon

Formaður nefndarinnar Stefán Geirsson sett fund og bauð fundarmenn velkomna.

Rósa Matthíasdóttir ritaði fundargerð.

Fjör í Flóa:

- Farið ítarlega yfir 3 daga dagskrá Fjör í Flóa dagana 29-31 maí. Hvað og hverja er búið er að bóka og hverju þarf að breyta, til að ná glæsilegri hátíðar-dagskrá. Farið yfir stöðu markaðs og auglýsingarmála vegna hátíðarinnar.
- Verkefnum deilt niður á fundarmenn.

Aðalfundur:

- Aðalfundur Rekstarstjórnar Félagsheimilanna verður haldinn í Félagslundu 15 apríl kl. 20:30. Stefán mun sjá um auglýsingar varðandi aðalfundinn.

Tónahátíð:

- Byrjað að huga að Tónahátíð og hugmyndir um væntanlega listamenn á þeim viðburði. Áætlað að halda 2 viðburði.

Erindi til sveitastjórnar:

- Stefáni Geirssyni formanni Rekstarstjórnar falið að senda inn erindi til sveitastjórnar sem yrði tekið fyrir á næsta sveitastjórnarfundum, varðandi fjármagn til gera Rekstarstjórninni kleift að auglýsa á netmiðlum útleigu á sölum félagsheimilanna.

Fundi slitið kl. 23: 15